



Niðurstaða

Samkvæmt gildandi deiliskipulagi fyrir viðkomandi lóð er gerð krafa um eitt bílastæði á hverja íbúð. Fyrir þrjár íbúðir nemur bílastæðakrafa því samtals þremur bílastæðum.

Fyrirliggjandi tillaga um þrjú bílastæði er því í fullu samræmi við skipulagsskilmála og uppfyllir kröfur deiliskipulags hvað varðar fjölda bílastæða.

Í skipulagsskilmálum kemur jafnframt fram að heimilt sé að greiða sig frá hluta bílastæða í samræmi við gildandi reglur hverju sinni. Slík heimild felur í sér möguleika til að víkja frá kröfu um fjölda bílastæða, en hefur ekki áhrif þegar uppfylla á hana að fullu, líkt og í þessu tilfelli.

Jákvætt er tekið í erindið.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Helga Rún Guðmundsdóttir
verkefnastjóri